



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

1. Skipulag fundar

Heiti fundar: 15. fundur Aðalstjórnar
Fundarstjóri: Davíð Þór Sigurðarson
Fundarritari: Davíð Þór Sigurðarson

Dagsetning: 26.10. 2011
Staður: Hettan
Tími : 18:00

Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Drífa Dröfn Einarsdóttir, formaður sunddeildar
Jóney Jónsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar	Elínborg Valsdóttir, formaður Blakdeildar
Jón Jónsson, varaformaður fimleikadeildar	Rita Hvönn Traustason, stjórn körfuboltadeildar
Árni Ólason, formaður fótboltadeildar	
Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn	

Fjarverandi:

Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
	Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn

2. Markmið fundar

Markmið fundarins er að fara yfir stöðu komandi verkefna og þeirra sem verið er að vinna að.

3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Afhending inneigna frá Netto	Davíð	5
Lagðar breytingar á lögum vegna ÍSÍ breytinga	Davíð	5
Stefnulýsing í málum janfréttis kynja og kynþátta	Davíð	10
Samningur við Jako	Davíð	10
Heiðursviðurkenning Hattar	Davíð	10
Fimleikahús	Jón Jónsson	10
Fundargerð síðasta fundar yfirfarin	Davíð	5

4. Helstu umræður

Anna Alexandersdóttir og Magnús Ásmundsson boðuðu forföll.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Breyting á lögum eftir yfirferð ÍSÍ

Laganefnd ÍSÍ skilaði álit á lagabreytingum Hattar á síðata aðalfundi og voru 5 breytingar lagðar til. Þessar breytingar voru samþykktar af aðalstjórn. Rætt var breyting á lögum vegna starfsemi meistaraflokka félagsins sem verður skoðað í framtíðinni. Nánar má sjá fylgiskjal númer 1.

Stefnulýsing í málum jafnréttis kynja og kynþátta

Formaður aðalstjórnar lagði fram vinnu framkvæmdastjórnar í stefnulýsingu Hattar í málum jafnréttis kynja og kynþátta innan starfsemi Hattar. Stefnan var samþykkt af aðalstjórn. Nánar má sjá stefnuna í fylgiskjali númer 2. Stefna verður sett inn á heimasíðu félagsins.

Samnigur við Jako

Rætt var að formaður og Árni Óla myndu ræða við Jako um áframhaldandi vinnu er varðar sölu á íþróttafatnaði Hattar.

Heiðursviðurkenning Hattar

Ákveðið var að fara í vinnu um reglur er varðar viðurkenningu fyrir störf á vegum Hattar og hvernig framkvæmd afhendingar geti verið til framtíðar. Framkvæmdastjórn er falið að vinna að reglum og skipulagi hvað þetta varðar.

Fimleikahús

Jón Jónsson kynnti skýrslu hóps um byggingu fimleikahúss á Egilsstöðum. Ákveðið að bera upp ályktun fimleikadeildar á næsta fundi aðalstjórnar. Formenn deilda kynni þetta innan sinna raða á meðan. Kynning mun verða kynnt bæjarfulltrúum á næstu vikum.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Önnur mál

Ályktun fimleikadeildar er eftirfarandi :

Stjórn fimleikadeildar Hattar hefur unnið að samantekt um viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum, þ.e. fimleikahús. Bygging fimleikahúss myndi stökkbreyta möguleikum fimleikastarfs á Egilsstöðum og í raun á öllu Austurlandi. Bygging fimleikahúss hefði jafnframt veruleg jákvæð áhrif á möguleika annarra íþróttagreina sem nýta Íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum og skapar ný tækifæri til notkunar Íþróttamiðstöðvarinnar.

5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Lagabreyting samþykkt eftir skoðun ÍSÍ á lögum Hattar.
Taka fyrir ályktun fimleikadeildar á næsta fundi aðalstjórnar.
Jafnréttisstefna Hattar samþykkt.

6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Taka fyrir ályktun fimleikadeildar á næsta fundi aðalstjórnar	Davíð		1.12.2011

Fundi slitið kl 19:15.

Davíð Þór Sigurðarson



Fundargerð
Íþróttafélagið Höttur
Fylgiskjal 1

SAMÞYKKTIR
FYRIR ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ HÖTT



1.

HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI, TILGANGUR, MERKI OG BÚNINGUR

1.01.

Félagið heitir Íþróttafélagið Höttur, skammstafið Í.F.H. Heimili þess og varnarþing er á Fljótsdalshéraði

1.02.

Starfssvæði félagsins er sveitarfélagið Fljótsdalshérað og nágrennabyggðir.

1.03.

Tilgangur félagsins er að halda uppi íþróttastarfsemi og annarri heilbrigðri félagsstarfsemi. Félagið hefur á stefnuskrá sinni iðkun íþróttá á sínu starfssvæði.

1.04.

Merki félagsins er Í.F.H. með rauðum stöfum á hvítum grunni. Umgjörðin er tákn Fljótsdalshéraðs, ormurinn, fljótið, skógurinn og Snæfell.

1.05.

Grunnlitir í keppnisbúningi félagsins eru hvít skyrta og svartar buxur. Til uppfyllingar og í varabúninga má bæta inn rauðum og svörtum lit. Æfingagallar skulu vera treyja í rauðum eða



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

svörtum aðallit, með hvítum, rauðum og svörtum til uppfyllingar og buxur svartar eða hvítar að aðallit. Sokkar hvítir eða svartir.

1.06.

Félagið er aðili að Ungmenna- og Íþróttasambandi Austurlands, sem er héraðssamband innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Starfar félagið samkvæmt reglum þessara heildarsamtaka.

1.07.

Íþróttafélagið Höttur fylgir eftir stefnuyfirlýsingu ÍSí (Íþróttaping ÍSí, 1997) um forvarnir og fíkniefni.

2.

FÉLAGSAÐILD OG STJÓRNSKIPULAG

2.01.

Félagið er deildaskipt en hefur sameiginlega aðalstjórn, sem fer með æðstu stjórn félagsins á milli aðalfunda. Um skipan starfs í deildum er fjallað í 4.kafla samþykktu þessara.

2.02.

Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og er samþykktur af aðalstjórn. Auk þess skulu allir skráðir íþróttaiðkendur á vegum deilda félagsins teljast fullgildir félagar samkvæmt ákvæðum laga Í.S.Í.

Enginn getur tekið þátt í móti fyrir hönd félagsins án þess að vera fullgildur félagi í því.

Árlega skal félagaská endurskoðuð með tilliti til iðkendaskrár deilda.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

2.03.

Félagsgjald keppnisfólks skal vera innifalið í æfingagjaldi, eins og það er ákveðið af hverri deild, og rennur það í sjóð viðkomandi deildar. Þeir félagar sem ekki stunda íþróttæfingar með keppni fyrir augum greiða árgjald sitt beint til aðalstjórnar og skal það ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert. Allir skráðir félagar geta valið sér starfsvettvang innan hvaða deildar sem er og hafa þeir atkvæðisrétt og kjörgengi samkvæmt grein 5.08.

2.04.

Úrsögn úr félaginu og einstökum deildum skal tilkynna stjórn viðkomandi deildar skriflega, sem kemur tilkynningunni á framfæri við aðalstjórn við árlega leiðréttingu félagaskrár.

Félagar sem ekki hafa greitt árgjald til félagsins í tvö ár í röð hafa fyrirgert öllum rétti sínum innan félagsins og skulu ekki taldir félagar eftir þann tíma. Þó hefur félagið rétt til að krefja þá um áfallin félagsgjöld.

Stjórnir deilda geta sett nánari reglur um inngöngu og úrsagnir félaga í samræmi við lagaákvæði viðkomandi sérsambands innan Í.S.Í.

3.

STJÓRN FÉLAGSINS Aðalstjórn og framkvæmdastjórn

3.01.

Framkvæmdastjórn er þannig skipuð:

Þrjú menn; formaður, ritari og gjaldkeri, auk varamanns, eru kosnir á aðalfundi hvert ár og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Formaður skal kosinn sérstaklega. Hinir tveir eru kosnir í einu lagi og skipta með sér verkum. Sá sem flest atkvæði fær í kosningu þessari án þess að ná kjöri verður sjálfkrafa varamaður. Sé sjálfkjörið í aðalstjórn ber að kjósa varastjórnarmann sérstaklega. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda.

3.02



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í forföllum formanns, skipa aðalstjórn Íþróttafélags Hattar. Aðalstjórn Í.F.H. fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega og skulu aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund.

3.03.

Verkefni aðalstjórnar skulu vera:

1. Umsjón með öllum sameiginlegum eignum félagsins og skipulagning félagsstarfsins í samráði við stjórnir deilda eftir því sem við á.
2. Ráðning starfsmanna þeirra sem ekki starfa á sérsviði deilda.
3. Skipan starfsnefnda til þess að vinna afmörkuð verkefni í þágu sameiginlegra hagsmuna félagsins.
4. Umsjón með fjáröflunum sem framkvæmdar eru í nafni félagsins og veitir einstökum deildum heimild til að nýta þær.
5. Yfirumsjón og samræming með niðurröðun æfingátíma í íþróttahúsi og á íþróttavelli.
6. Eftirlit með starfi deilda. Vanræki deild að boða til aðalfundar, skal aðalstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
7. Ráðstöfun framlaga úr opinberum sjóðum og sameiginlegra fjáraflana íþróttahreyfingarinnar til deilda eða sérstakra sameiginlegra verkefna á vegum félagsins.
8. Val fulltrúa félagsins á sambandsþing Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands.
9. Gæsla sameiginlegra hagsmuna félagsins gagnvart sveitarfélagi og öðrum opinberum aðilum og stofnunum.
10. Úrlausn ágreiningsmála sem upp kunna að koma innan félagsins og vísað er til hennar.
11. Innheimta félagsgjalda samkvæmt lið 2.03.
12. Skýrsluskil til heildarsamtaka og eftirlit með upplýsinga- og framtalsskyldu deilda til yfirvalda.
13. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt.

3.04.

Aðalstjórn ber ábyrgð á öllum eignum og fjármálum félagsins.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

3.05.

Haldin skal fundargerð, þar sem skráðar skulu allar ákvarðanir á stjórnarfundum. Fundargerðir skulu síðan birtar á heimasíðu félagsins innan 15 daga frá fundartíma.

4.

FÉLAGSFUNDIR

4.

4.01.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti hafa allir lögmætir félagar. Atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa hafa lögmætir félagar þeir sem verða 16 ára eða eldri á almanaksárinu.

Skylt er stjórn að boða til félagsfundar sé þess krafist af 20 fullgildum og atkvæðisbærum félögum hið fæsta.

4.02

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.

Meðal dagskrárliða á aðalfundi skulu vera:

1. Fundarsetning formanns.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
4. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.
5. Skýrslur formanna deilda um störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður um skýrslur.
7. Endurskoðaður ársreikningur liðins reikningsárs lagður fram og kynntur.
8. Umræður og afgreiðsla ársreiknings.
9. Ávörp gesta



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

10. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
11. Umræður og afgreiðsla tillagna.
12. Lagabreytingar ef löglega fram bornar tillögur liggja fyrir fundinum.
13. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.
14. Ákvörðun um árgjöld til félagsins.
15. Kosningar:
 - A) Formaður.
 - B) 2 meðstjórnendur ásamt tveimur varamönnum.
 - C) 2 skoðunarmann reikninga félagsins ásamt einum til vara.
16. Önnur mál.
17. Fundarslit.

4.03.

Á fundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála, að undanteknum lagabreytingum og atkvæðagreiðslu um slit félags sbr. 7.kafli samþykktu þessara. Kosningar skulu vera skriflegar með eða án tilnefninga. Séu atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

5.

STJÓRNSKIPULAG DEILDA

5.01.

Komi fram óskir um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn taka þær til athugunar og leggja þær síðan fyrir aðalfund. Samþykki aðalfundurinn stofnun nýrrar deildar, skal aðalstjórn sjá um undirbúning stofnfundar samkvæmt lögum þessum.

5.02.

Hver deild hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag en starfar á ábyrgð og forræði aðalstjórnar félagsins. Stjórnir deilda ráða þjálfara og leiðbeinendur og ákveða laun þeirra. Einnig ráða þær daglegum rekstri deildanna. Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð, en með þeim takmörkunum að aðalstjórn félagsins ber endanlega ábyrgð og sinnir upplýsingaskyldu til opinberra aðila.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Aðalfundur deilda skal samþykkja fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun nema með samþykki aðalstjórnar.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

5.03.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Stjórn hverrar deildar skipa 3-5 menn og skulu í þeim hópi vera formaður, ritari og gjaldkeri. Skal deildarstjórn kosin á aðalfundi hverrar deildar, sem ákveður hversu margir sitja í stjórn og með hvaða hætti þeir skulu kosnir. Þó skal formaður deildar ávallt kosinn sérstaklega. Heimilt er að stofna unglingaráð innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglingum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 5.02.

5.04.

Halda skal fundargerð yfir allt markvert sem fram fer innan deildarinnar. Fundargerðir skulu síðan birtar á heimasíðu félagsins innan 15 daga frá fundartíma.

5.05.

Hver deild skal hafa nákvæma spjaldskrá yfir iðkendur innan deildarinnar. Allir iðkendur skulu árlega skráðir í sérstaka spjaldskrá sem aðalstjórn heldur.

5.06.

Stjórnir boða til deildafunda svo oft sem þurfa þykir.

Dagskrá aðalfundar í deild skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning formanns
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
4. Skýrsla stjórnar yfir starfsemi liðins starfsárs.
5. Kynning og afgreiðsla ársreiknings liðins reikningsárs.
6. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
7. Stjórnarkjör.
8. Önnur mál

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning stjórnar skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið leynilegri kosningu milli þeirra sem jafnir eru að atkvæðum. Fáist ekki úrslit að því búnu skal hlutkesti ráða.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

5.07.

Deild skal halda aðalfund sinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með dreifibréfi eða auglýsingu í staðarblöðum með 2 vikna fyrirvara, og telst hann löglegur sé löglega til hans boðað.

5.08.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt hafa allir lögmætir félagar í deildinni. Atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa hafa lögmætir félagar 16 ára og eldri.

5.09.

Heimilt er hverri deild að setja sér starfsreglur sem kveði á um innra starf deildanna, enda brjóti þær reglur ekki í bága við samþykktir félagsins.

5.10.

Leggist starf einhverrar deildar niður skulu eignir hennar renna til félagsins. Skal aðalstjórn annað tveggja, varðveita eignir þessar sem séreign uns ný deild vegna sömu íþróttagreinar verður stofnuð, eða ráðstafa þeim eftir eigin ákvörðun gegn þeirri skuldbindingu að leggja fram jafnvirði þeirra til nýrrar deildar sem stofnuð kann að vera á sama sviði síðar. Á sama hátt skal aðalstjórn félagsins standa skil á þeim skuldum sem óuppgerðar kunnu að vera af hinni horfðu deild.

5.11.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Vanræki einhvern deild upplýsingaskyldu sína um fjárhag til aðalstjórnar eða stofnar til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun án samþykkis aðalstjórnar, er aðalstjórn heimilt að taka yfir stjórn deildar. Aðalstjórn fer með stjórn deildar fram að aðalfundi deildar.

6.

REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN

6.01.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara. Skulu skoðunarmenn yfirfara bókhald og ársreikning aðalstjórnar. Jafnframt skulu þeir yfirfara fjárreiður og bókhald deilda félagsins eftir því sem þeir telja ástæðu til.

6.02.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá lagður fyrir skoðunarmenn til athugunar ásamt öllum viðkomandi fylgigögnum.

7.

GILDISTAKA, LAGABREYTINGAR OG SLIT FÉLAGS

7.01.

Tillögur til breytinga á lögum þessum skal senda aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund þess og skulu þær undirritaðar af flytjendum. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur, sem síðar koma fram, ef 2/3 hluti atkvæðisbærra fundarmanna er því samþykktur.

7.02.

Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands eftir því sem við á. Skulu þau ákvæði samþykpta þessara sem fara í bág við lög Í.S.Í. og UMFÍ víkja fyrir þeim.

7.03.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu eða samruna við önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Félagfundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit og skipti félagsins skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Lög þessi öðlast gildi á aðalfundi Íþróttafélags Hattar þann 7. apríl 2011.



Fundargerð
Íþróttafélagið Höttur
Fylgiskjal 2



Stefnulýsing Íþróttafélags Hattar í málum
jafnréttis kynja og kynþátta



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Á stefnuskrá Hattar er að í öllu starfi sé unnið gegn því að formdómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins. Íþróttafélagið Höttur vinnur eftir aðgerðaráætlun gegn einelti hvers konar innan síns starfs og ber stjórnnum deilda að framfylgja þeirri áætlun.

Jafnrétti kynja og kynþátta

Allir einstaklingar innan Hattar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku, þroska og hæfileika sína, óháð kynferði eða kynþætti.

Áherslur Hattar til stuðnings jafnrétti kynja og kynþátta :

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunur verði ekki liðin.
- Að veita báðum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft. Aldrei skal gerður greinamunur á drengja- og stúlknaflokkum við útteilingu æfingátíma.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum deildum óháð aldri og kynferði. Gerðar skulu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflokka.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda eða keppinauta á vegum félagsins.
- Að þess skal gætt að drengja- og stúlknaflokkar félagsins hafi jöfn tækifæri til fjáraflana sem taki mið af þeim verkefnum sem viðkomandi flokkur stefnir að.

Egilsstaðir, fundur aðalstjórnar 26.10.2011